

Til heilbrigðisnefndar Alþingis

Ákvað að senda ykkur þetta erindi til að koma á framfæri þeirri áskorun Reykjalundar að niðurskurðarkrafa gagnvart stofnuninni verði breytt fyrir 3 umræðu fjárlaga úr 7% í 5%.

Reykjalundur er stærsta endurhæfingarstofnun landsins og miðstöð endurhæfingar á Íslandi. Reksturinn er fjármagnaður af ríkinu á grundvelli þjónustusamnings. Í samningnum kemur fram að starfsemin skuli fara fram á níu meðferðarsviðum. Meðalaldur sjúklinga sem fá meðhöndlun á Reykjalundi var á síðasta ári 51 ár og erum við því fyrst og fremst að endurhæfa fólk á vinnufærum aldri. Meðferðarstarfið hefur því mikið þjóðhagslegt gildi þar sem hætt er við að annars væri þetta fólk að miklu leyti á bótakerfinu.

Fjárveiting til Reykjalundar 2010 er kr. 1.350.000 og fjöldi stöðugilda er 160. Við höfum verið í niðurskurði frá miðju ári 2007, bæði þurfti að taka á innbyggðum halla sem hafði verið á rekstrinum nokkur ár þar á undan og síðan hefur niðurskurður á fjárframlögum bæst við. Á síðasta ári var skorið niður um 5%, á þessu ári um 6,7% (90 millj.) og samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2011 er gert ráð fyrir 7% niðurskurði eða 95 millj..

Stjórnendur og starfsmenn Reykjalundar hafa farið í gegnum allsherjar endurskoðun á allri starfsemi stofnunarinnar. Starfsmenn hafa tekið á sig kjaraskerðingar, vinnufyrirkomulag endurskipulagt, stöðþjónustu úthýst og aukin áhersla lögð á dag- og göngudeildarþjónustu og dregið verulega úr innlögnum og þjónustu í kringum það. Starfsmönnum hefur fækkað um rúmlega 30 stöðugildi og stefnir í að heildarsparnaður á þremur árum verði kr. 300 millj. Rekstur Reykjalundar var innan fjárlaga á árinu 2009 í fyrsta skipti í mörg ár og verður það einnig á þessu ári.

Fram til þessa höfum við náð að koma málum þannig fyrir að kaupandi þjónustunnar er að fá þjónustu í samræmi við þjónustusamning. Hins vegar er ljóst að það mun ekki takast á næsta ári nái áform um 7% sparnað fram að ganga. Hvert 1% þýðir 15 milljónir fyrir Reykjalund og því skiptir það okkur miklu máli hvort niðurskurðurinn er 5% eða 7% því þar munar 30 milljónum.

Það er ekkert reiknimódel að baki þeirri ákvörðun að Reykjalundur eigi að skera niður um 7% á næsta ári. Fyrir liggur að niðurskurður í velferðarþjónustunni er að meðaltali 5%. Það eru því engin rök fyrir því að Reykjalundur þurfi að taka á sig meiri niðurskurð bæði á þessu ári og því næsta umfram útgefið meðaltal.

Ég er á þeirri skoðun að stjórnvöld í samvinnu við heilbrigðisstofnanir þurfi að móta framtíðarsýn um það hvernig við komumst í gegnum það samdráttarskeið sem við göngum í gegnum. Þar tel ég að þurfi að skoða t.d. mögulegan ávinning af sameiningu Reykjalundar og Grensásdeildar LSH.

Ég óska eftir fundi með heilbrigðisnefnd sem allra fyrst og skora á nefndina að beita sér fyrir því að niðurskurðarkrafa á Reykjalund verði milduð úr 7% í 5% fyrir afgreiðslu þriðju umræðu fjárlaga.

F.h. Reykjalundar endurhæfingarmiðstöðvar SÍBS

Birgir Gunnarsson forstjóri